

Alþingi - Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
16. nóv. 2011	
4.0	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. nóvember 2011
Tilvísun: UST20111000169/þek

Umsögn um þingsályktun um eflingu græns hagkerfis á Íslandi, 7. mál

Visað er til erindis atvinnunefndar Alþingis, dags. 21.10.2011, þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar vegna þingsályktunar nefndar á vegum Alþingis um eflingu græns hagkerfis á Íslandi.

Umhverfisstofnun telur þingsályktunina vera mjög jákvætt og stórt skref í eflingu græns hagkerfis á Íslandi. Gefið er gott yfirlit yfir hvað er grænt hagkerfi í alþjóðlegu samhengi og gefnar forsendur fyrir innleiðingu græns hagkerfis.

Í þingsályktuninni er lagt til að forsætisráðherra verði falið að stýra mótun aðgerðaáætlunar um grænt hagkerfi á grundvelli tillagna nefndar Alþingis um eflingu græna hagkerfisins. Aðgerðirnar skulu miða að því að Ísland skipi sér í fremstu röð á alþjóðavettvangi, sem grænt hagkerfi, með áherslu á hreina náttúru, sjálfbæran orkubúskap, nýsköpun og menntun til sjálfbærni. Umhverfisstofnun tekur undir þau atriði sem tiltekin eru sem grunnurinn að stefnumótuninni en telur að auk mengunarbótareglunnar ætti nytjagreiðsluregla að vera grunnur að gjaldtöku, sbr. t.d. að ekki einungis sá sem mengar vatn greiði heldur jafnframt sá sem nytjar vatn. Jafnframt telur Umhverfisstofnun rétt að hugað sé betur að eflingu umhverfistölfræði en EUROSTAT gerir m.a. mjög miklar kröfur um gagnaskil hvað varðar umhverfið og tengist það m.a. grænu bókhaldi, yfirliti yfir notkun auðlinda og nýstist við gerð umhverfishagvísu.

Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt að settar séu niður tímasettar tillögur að aðgerðum til að skapa grundvöll fyrir eflingu græns hagkerfis á Íslandi. Almennur telur stofnunin að fara þurfi vel yfir þá tímaramma sem settir eru og að tryggt sé fjármagn til að innleiða tillögurnar. Stofnunin telur að huga mætti að því að mynda smærri stýrihópa sem bæru ábyrgð á framfylgd einstakra verkefnahópa sem og að tryggja nauðsynlega samþættingu milli ráðuneyta, stofnana og annarra aðila. Slíkir hópar gætu jafnframt komið að nánari útfærslu verkefna og tryggja að vel sé staðið að undirbúningi verkefna og tryggt samþættingu við önnur verkefni ríkisins og aðra stefnumörkun.


Umhverfisstofnun hefur yfir að ráða sérfræðiþekkingu á ýmsum sviðum sem snerta grænt hagkerfi og er stofnunin tilbúin til að vinna frekar að framgangi eflingu græns hagkerfis á Íslandi.

Umhverfisstofnun vill benda á að umhverfisráðuneyti er með í undirbúningi gerð landsáætlunar um úrgang þar sem sett verður fram stefnumótun til næstu ára hvað varðar úrgangsmál.


Umhverfisstofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Ríkiskaup hafa verið með reglulega samráðsfundi síðustu ár til að fara yfir snertifleti milli stofnana til eflingar grænnar nýsköpunar. Samstarfið hefur gengið vel og leitt af sér aukna samvinnu milli stofnananna á ýmsum sviðum. Stofnanirnar eru

reiðubúnað til að koma saman fyrir nefndina til að fara yfir áherslur þeirra hvað varðar eflingu græns hagkerfis á Íslandi.

Virðingarfyllt



Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri



Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri